

AUGLÝSING

**um (áttundu)breytingu auglýsingar um afgreiðslutíma lyfjabúða utan
Reykjavíkur nr. 50/1983.**

Samkvæmt heimild í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða, nr. 30/1983, skal almennur afgreiðslutími Akraness Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga – föstudaga kl. 09-18

Laugardaga kl. 10-13

Sunnudaga og helgidaga kl. 13-14

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Auglýsing þessi öðlast gildi 1. janúar 1992.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. nóvember 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingimar Sigurðsson.

25. nóvember 1991

AUGLÝSING

Nr. 559

um staðfestingu á aðalskipulagi Sandgerðis.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. nóvember 1991 staðfest endurskoðaðan uppdrátt og greinargerð aðalskipulags Sandgerðis 1987–2007.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins og bæjarstjórnar Sandgerðis.

Umhverfisráðuneytið, 25. nóvember 1991.

Eiður Guðnason.

Páll Líndal.

26. nóvember 1991

AUGLÝSING

Nr. 560

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akureyrar hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 23. október 1991 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990–2009 frá 30. nóvember 1990 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á svæðinu milli Hlíðarbrautar og Bugðusíðu, frá Austursíðu að lóð Gleráarkirkju, sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreind sem miðhverfi blandað almennri atvinnustarfsemi, verður miðhverfi.

Umhverfisráðuneytið, 26. nóvember 1991.

F. h. r.

Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.